

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 18. mars 2021 kl. 9:30, en þetta var 84. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, orðanefndarmenn, og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Runólfur Pálsson hafði boðað forföll. Gerður var boðin velkomin sem nýr nefndarmaður.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 83. fundar, sem áður hafði verið send nefndarmönnum, var samþykkt án athugasemda.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu þrjú orðalistar sem áður höfðu verið sendir til nefndarmanna.

Menopause. Listi til lokaumræðu. Hafði verið frestað á síðasta fundi. Listinn var ítarlega ræddur og að lokum samþykktur eftir nokkrar lagfæringar. Færslurnar munu verða birtar í Íðorðabankanum.

Infection og fleira. Listi með heitunum: „infection“, „inoculation“, „transmission“, „infestation“, „parasitization“ og „contamination“ (um 20 heiti), var lagður fram til lokaumræðu eftir yfirferð sérfræðings í sýklafræði. Hann var svo samþykktur eftir umræðu og lagfæringar og færslurnar verða birtar í Íðorðabankanum.

Infection með 52 færslum. Þessum lista var frestað til næsta fundar vegna liðarins önnur mál.

3. Önnur mál.

Reynir Tómas Geirsson lagði fram lista með heitum, hugtökum og skammstöfunum úr íslenskri þýðingu hans á „A Reference Guide for Postgraduate Speciality Training in UK“. Óskaði hann eftir aðstoðar nefndarinnar við endanlegan frágang listans. Eftir talsverða umræðu var ákveðið að verða við þeirri beiðni.

4. Næsti fundur

Gert var ráð fyrir næsta fundi um miðjan apríl en kanna þarf hvaða dagur og tími kæmi til greina. JHJ mun senda nefndarmönnum fyrirsparnar- og tillöguskjal í tölvupósti.

Fundi var slitið um kl. 10:40. Fundargerð ritaði JHJ.